

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um vexti útlána banka og sparisjóða.

- . Hverjir voru meðalvextir verðtryggðra og óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða til fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árinu 2002 og á fyrri hluta ársins 2003? Óskað er eftir að fram komi hverjir vextirnir voru á útistandandi lánum í lok árs 2002 og í lok júní 2003 sem og á nýjum veittum lánum á þessu tímabili.

Ráðuneytið óskaði eftir að Seðlabanki Íslands legði til efni í svar við þessum lið fyrirspurnarinnar. Meðfylgjandi tafla er unnin upp úr opinberum skýrslum Seðlabanka Íslands. Aðrar upplýsingar um sundurgreinda vexti eftir því hvort fyrirtæki eða heimili taka lánin hefur Seðlabankinn ekki tiltækar.

Helstu meðalvextir hjá bönkum og sparisjóðum í %.

	Yfirdráttarlán fyrirtækja	Yfirdráttarlán einstaklinga	Almenn skuldabréf	Vísitölubundin lán
1. janúar 2002	19,6	20,1	17,4	10,2
1. apríl 2002	19,0	19,4	16,7	10,2
1. júlí 2002	17,8	18,2	15,2	10,1
1. október 2002	16,4	16,8	13,8	10,1
1. janúar 2003	15,2	15,8	12,5	9,5
1. apríl 2003	14,8	15,3	12,0	9,2
1. júlí 2003	14,8	15,3	12,0	9,1

2. Hversu mikið lögðu bankar og sparisjóðir í afskriftareikning í hlutfalli við útistandandi lán á árunum 1998–2002, annars vegar vegna fyrirtækja og hins vegar heimila?
3. Hversu mikil voru töpuð útlán í hlutfalli við útistandandi lán vegna fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árunum 1998–2002?

Ráðuneytið óskaði eftir að Fjármálaeftirlitið legði til svar við þessum liðum fyrirspurnarinnar. Upplýsingarnar koma fram í meðfylgjandi töflum að öðru leyti en því að ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu á milli fyrirtækja og heimila. Hins vegar kemur fram í töflunni hver hlutfallsleg skipting er á útlánum milli fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar í árslok hvers árs 1998–2002. Á þessu árabili hefur hlutdeild fyrirtækja í útlánum banka og sparisjóða verið u.þ.b. 70% og einstaklinga u.þ.b. 30%.

**Yfirlit yfir framlög í afskriftareikning og endanlega töpuð útlán
hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, í millj. kr.***

	1998	1999	2000	2001	2002
1. Framlög í afskriftareikning	3.517	4.433	5.058	9.224	10.210
2. Endanlega afskrifuð útlán	3.565	2.621	2.419	4.294	6.951
1. Í hlutfalli af meðalstöðu útlána	1,00%	1,01%	0,90%	1,29%	1,23%
2. Í hlutfalli af meðalstöðu útlána	1,01%	0,60%	0,43%	0,60%	0,83%
Meðalstaða útlána á hverju ári	351.955	439.573	559.664	713.686	833.012

* Í talnaefni fyrri ára eru taldir með forverar þeirra banka sem starfandi voru á árinu 2002, t.d. FBA og Kaupþing. Miðað er við samstæðuuppgjör viðskiptabanka og sparisjóða.

Hlutfallsleg skipting útlána milli fyrirtækja og einstaklinga í árslok hvers árs.

	1998	1999	2000	2001	2002
Fyrirtæki	68,7%	70,9%	69,2%	72,6%	71,8%
Einstaklingar	31,3%	29,1%	30,8%	27,4%	28,2%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%